

Nd.

185. Nefndarátt

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (J. P., Á. F., J. A. J.).

Nefndin hefir ekki orðið sammála um þetta frv.

Vjer, sem ritum nöfn vor hjer undir, teljum að frv. gangi í rjetta átt, að því leyti, sem það miðar að því að lækka alþingiskostnaðinn, sem óneitanlega hefir verið of hár hin síðari árin.

Dagpeningar alþingismanna voru 6 kr. á dag alt til 1912. Þá voru þeir hækkaðir upp í 8 kr. fyrir alþingismenn búsetta í Reykjavík og 10 kr. fyrir utanbæjarmenn. Árið 1919 voru þeir hækkaðir upp í 12 kr. fyrir alla þingmenn, og skyldi greidd dýrtíðaruppbót þar á ofan, og stendur svo enn.

Frv. fer nú fram á að fastákveða dagpeningana 12 kr. á dag, án dýrtíðaruppbótar, og á þskj. 41 er fram borin breytingartillaga frá þm. Mýramanna, þess efnis, að dagpeningar utanbæjarþingmanna verði 15 kr. á dag.

Vjer getum nú fallist á, að þar sem nauðsyn er til að gæta ýtrasta sparnaðar á landsfje, sje rjett að gera mun á dagpeningum innanbæjar- og utanbæjarþingmanna, og þykir oss hæfilegt, að upphæðin sje, eins og nú stendur, sem næst 12 kr. og 15 kr. á dag. En oss þykir varhugavert, vegna hinna miklu verðlagsbreytinga, sem nú standa yfir, að einskorða dagpeningana alveg án tillits til þeirra breytinga á almennu verðlagi, sem fram kunna að koma, og sjerstaklega þykir oss varhugavert að lögleiða hærri fasta upphæð en nú er. Hitt þykir oss viðfeldnara, að lækka hina föstu upphæð niður í það, sem ákveðið var 1912, en greiða dýrtíðaruppbót þar á, eftir sömu reglum, sem gilda um dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna, og yrðu þá dagpeningarnir með uppbót eins og nú stendur sem næst 12 kr. fyrir innanbæjarmenn og 15 kr. fyrir aðra.

Vjer könnumst við það, að óviðkunnanlegt ósamræmi hefir verið í ferðakostnaðarreikningum þingmanna, og að í sjálfu sjer væri æskilegt, að ferðakostnaðurinn væri fastákveðinn, eða þá hámark hans. En hinar miklu verðlagsbreytingar síðustu ára, sem enn standa yfir, gera það erfitt, ef eigi alveg ómögulegt, að ákveða með löggjöf hámark ferðakostnaðar, svo að sanngirni sje í, og ef þetta væri gert, þá yrði að líkindum að setja hámarkið svo hátt, að ef því yrði fylgt alment, sem vel gæti verið, þá yrði enginn sparnaður fyrir rikissjóð að breytingunni.

Lækkun dagpeninganna eftir tillögu vorri mun nema nálægt 10 til 15 þús. kr. fyrir hvert þing, eftir því hve lengi það stendur.

Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Alþingismenn skulu hafa 10 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur. Þeir alþingismenn, sem eru heimilisfastir í Reykjavík, skulu þó einungis hafa 8 kr. þóknun daglega. Á þóknuninni skal greiða samskonar uppbót eins og embættismenn fá á launum sínum.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldið eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupssreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. Við 3. gr. Greinin falli burtu. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 19. mars 1924.

Jón Porláksson,
form. og frsm.

Aug. Flygenring.

Jón A. Jónsson.